

Reikningsnúmer:

Undirritaður reikningseigandi óskar hér með eftir yfirdráttarláni á innlánsreikningi sínum hjá Íslandsbanka. Með undirritun á umsókn þessa staðfestir reikningseigandi að hann hafi kynnt sér neðangreinda skilmála Íslandsbanka vegna yfirdráttarlána.

Nafn:	Kennitala:	
Heimilisfang:	Sími:	
Póstnúmer:	Staður:	Netfang:

Óskað er eftir yfirdráttarheimild á ofangreindan innlánsreikning

Óskað er eftir að heimildin gildi til dags:
Umbeðin fjárhæð yfirdráttarheimildar (tölustafir):
Umbeðin fjárhæð yfirdráttarheimildar (bókstafir):

Almennir skilmálar yfirdráttarlána við Íslandsbanka

Skilmálar þessir taka á framkvæmd lánveitinga, skilyrðum viðskipta og lánskilmálum í viðskiptum við Íslandsbanka hf. (bankinn) vegna yfirdráttarlána á tékkareikningum eða öðrum innlánsreikningum. Skilmálar þessir taka gildi við stofnun reiknings hjá bankanum og taka til allra yfirdráttarlána sem stofnað er til af hálfu reikningshafa. Skilmálarnir falla ekki niður við uppgreiðslu lána og halda gildi sínu án sérstakrar endurnýjunar ef yfirdráttarheimild er hækkuð, lækkuð, veitt á ný eða framlengd, hvort heldur sem er á þeim reikningi sem tilgreindur er í umsókn þessari eða öðrum tékka- eða innlánsreikningum umsækjanda við bankann.

- Lánveiting. Eftir stofnun reiknings getur reikningshafi óskað eftir láni með því að veitt verði yfirdráttarheimild. Með yfirdráttarheimild er átt við samþykki bankans við því að taka megi tiltekna fjárhæð tímabundið út af reikningi umfram innistæðu. Ef reikningshafi uppfyllir lánshæfisskilyrði er yfirdráttarheimild skráð á reikninginn. Yfirdráttarheimild má reikningshafi nýta með rafrænum úttektum í netbanka nema annað sé tekið fram. Ef lánveiting með yfirdrætti á sér stað samkvæmt sérstökum samningi við bankann gilda ákvæði hans framar skilmálum þessum eins og við getur átt.
- Ráðstöfun, tilgangur og umboð. Yfirdráttarláni getur reikningshafi ráðstafað að vild í öllum lögmætum tilgangi nema samið hafi verið um tiltekna notkun lánsfjárens. Reikningshafi getur veitt öðrum prókúru til að annast úttektir af reikningi. Bankanum skal afhent skriflegt og vottað umboð þar að lútandi. Umboð skal afturkallað með sama hætti. Ef annað er ekki tekið fram skulu eldri umboð vera jafngild yngri umboðum. Umboðshafar skulu vera fjárráða. Afhending aðgangsorðs að netbanka til þriðja aðila er alfarið á eigin ábyrgð reikningshafa.
- Gildistími – framlenging. Heimild til yfirdráttar gildir til ákveðins tíma. Bankinn sendir tilkynningu um lok gildistíma með allt að 10 daga fyrirvara. Beiðnir um framlengingu skal koma á framfæri í samræmi við 8. gr. samnings þessa.
- Vextir og kostnaður. Reikningshafi skuldbindur sig til að greiða vexti og kostnað af yfirdráttarláni. Vextirnir eru breytilegir og eru birtir í vaxtatöflu sem birt er á heimasíðu bankans www.islandsbanki.is. Breytingar á vöxtum taka meðal annars mið af breytingum á fjármögnunarkostnaði (lánskjörum) bankans, rekstarkostnaði, opinberum álögum og/eða öðrum ófyrirséðum kostnaði, stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, breytingum á vísitölu neysluverðs o.s.frv. Ákvarðarnir um breytingar á kjörvöxtum eru teknar af fag nefnd innan bankans í umboði yfirstjórnar. Nefndin skoðar einkum þróun á þeim kostnaðarþáttum sem að framan eru taldir og metur hvort breytingar á þeim gefi tilefni til breytinga á útlánsvöxtum. Hlutfall framangreindra þátta í ákvörðun um breytingar á vöxtum er breytilegt og ræðst meðal annars af ákvörðunum opinberra aðila og markaðsaðstæðum hverju sinni. Við vaxtabreytingar eru allir þessir þættir metnir saman og/eða hver um sig. Hafi orðið breyting á einhverjum þessara þátta þegar endurskoðun vaxta fer fram, getur það leitt til þess að vöxtum verði breytt, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Vaxtatímabil er frá fyrsta degi til síðasta dags hvers mánaðar. Vextir eru reiknaðir af nýtttri yfirdráttarheimild við lok hvers dags og færast við lok mánaðar til skuldar á reikningi. Allar innborganir ganga fyrst til greiðslu vaxta og kostnaðar. Af úttektum umfram heimild greiðist sérstakt gjald. Sá kostnaður, önnur gjöld og vextir af yfirdráttarlánnum fara eftir verðskrá og vaxtatöflu bankans á hverjum tíma. Vextir og kostnaður af yfirdráttarláni skulu teljast til úttekta af reikningi. Af gjaldföllu yfirdráttarláni reiknast dráttarvextir skv. lögum um vexti og verðtryggingu.
- Tryggingar. Bankinn getur óskað eftir tryggingu fyrir endurgreiðslu yfirdráttarláns áður en það er veitt eða fyrir framlengingu yfirdráttarheimildar. Lánveiting er þá háð frágangi og skuldbindandi undirskrift á tryggingarskjöl, auk athugasemdarlausrar þinglýsingar slíkra skjala þar sem slíks er krafist.

Gera má áskilnað um að verðmæti trygginga sé tilteknum hundraðshluta hærra en staða yfirdráttarláns á hverjum tíma. Ef verðmæti trygginga fer niður fyrir það lágmark (tryggingarþekju) miðað við stöðu yfirdráttar og sú staða varir lengur en í 14 daga þrátt fyrir að reikningshafa hafi verið tilkynnt um það (tryggingarkall) er bankanum heimilt að:

- loka yfirdráttarheimildinni og gera upp yfirdráttarskuldbina með sölu á veðsettum eignum reikningshafa.
- koma tryggingarþekju aftur upp í lágmark með því að ráðstafa eignum reikningshafa á veðsettum reikningum hans til lækkunar á yfirdrættinum.



Ef hlutfall verðmætis trygginga fer niður fyrir umsamið lágmark og sú staða varir lengur en 3 virka daga er bankanum heimilt að grípa til aðgerða samkvæmt lið a eða b hér að framan. Við mat á verðmæti trygginga skal miða við opinberlega skráð verð eigna (t.d. hlutabréf skráð í kauphöll). Ef slík skráning er ekki fyrir hendi skal mat bankans á verðmæti trygginga ráða.

6. Uppgreiðsla. Reikningshafa skal hvenær sem er vera heimilt að greiða upp yfirdráttarlán hvort sem hann gerir það með greiðslu inn á yfirdráttarreikninginn eða með beiðni til bankans um að selt verði af eignum hans sem standa til tryggingar yfirdrættinum. Tryggingar sem settar hafa verið fyrir yfirdráttarláni skulu þó halda gildi sínu ef skilmálar þeirra taka til annarra lána reikningshafa við bankann.
7. Afturköllun yfirdráttarheimildar – lokun reikninga. Óháð gildistíma og fresti samkvæmt skilmálum þessum getur bankinn afturkallað/fellt niður yfirdráttarheimild ef:
 - a. Reikningshafi hefur notað yfirdráttarheimild umfram umsamið hámark og ekki sinnt kröfu um úrbætur
 - b. Tryggingar fyrir yfirdráttarlánunum rýrna verulega
 - c. Ef aðrar skuldbindingar reikningshafa eru í vanskilum umfram 14 daga eða ef lánasamningar eru vanefndir með öðrum hætti
 - d. Reikningshafi uppfyllir ekki lengur lánshæfisskilyrði, svo sem vegna greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrots
 - e. Reikningshafi hefur misnotað reikning með öðrum hætti, svo sem með því að nýta hann til viðtöku ólögmeats ávinnings eða með þeim hætti að það teljist brot á lögum um peningþvætti
 - f. Reikningshafi brýtur gegn skilmálum þessum að öðru leyti

Óheimilt er að greiða upp yfirdráttarlán með öðru yfirdráttarláni reikningshafa við bankann eða tengds aðila nema með sérstöku samþykki bankans ef skilyrði afturköllunar heimildar eru fyrir hendi. Við þær aðstæður er einnig óheimilt að nota yfirdráttarlán til greiðslu annarra lána, hvort sem það er framkvæmt fyrir tilverknað reikningshafa eða með sjálfvirkum skuldfærslum. Bankinn áskilur sér rétt til að bakfæra slíka greiðslur, nýti reikningshafi yfirdráttarlán til slíks uppgjors án heimildar. Ávallt skal heimilt að bakfæra skuldfærðar greiðslur sem ekki rúmast innan yfirdráttarheimildar eða eru framkvæmdar eftir afturköllun hennar eða lokun reiknings.

Öll atvik skv. liðum a-f hér að framan geta jafnframt leitt til lokunar reiknings. Lokun reiknings jafngildir ávallt afturköllun yfirdráttarheimildar. Yfirdráttarlán telst gjaldfallið að liðnum 14 dögum eftir að afturköllun yfirdráttarheimildar eða lokun reiknings tekur gildi. Ef um verulegar eða ítrekaðar vanefndir eða misnotkun er að ræða getur lokun tekið gildi þegar í stað. Sama gildir ef atvik eru með þeim hætti sem rakið er í e-lið hér að framan.

Ef eitthvað það á við sem um getur í lið a-f. getur bankinn lokað fyrir aðgang að net-/fyrirtækjabanka reikningshafa án tillits til þess hvort samtímis komi til afturköllunar yfirdráttarheimildar eða lokunar reiknings.

8. Samskipti – tilkynningar. Beiðni um fyrstu lánveitingu eftir stofnun reiknings skal vera skrifleg. Sama gildir ef reikningshafi hefur ekki áður undirritað skilmála þessa. Heimilt er að sækja um framlengingu eða hækkun yfirdráttarláns með tölvupósti eða símleiðis ef gefið er upp öryggisnúmer. Bankinn getur ávallt krafist skriflegrar staðfestingar á beiðnum af þessu tagi sem og gögnum um firmaritun o.þ.h. er varða heimildir þess sem ber upp beiðnina. Reikningshafi telst hafa staðfest lánsbeiðni sína og samþykkt upphæð láns og kjör með fyrstu notkun sinni á yfirdráttarheimild, hvort heldur sem er eftir fyrstu lánveitingu, framlengingu eða hækkun heimildar.

Tilkynningar um afturköllun heimildar og/eða lokun fyrir aðgang að net-/fyrirtækjabanka eða reiknings má senda með tölvupósti, símskeyti eða með almennum pósti. Ákvörðun þar að lútandi tekur gildi við lok viðskiptadags nema annars sé getið.

Reikningshafi staðfestir með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni ofangreindra skilmála. Ef umsækjandi er lögaðili skulu þeir sem undirrita fyrir hans hönd kynna öllum notendum reikningsins skilmála þessa.

Staður _____ Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Í stjórn reikningshafa

Nafn og kennitala _____

Nafn og kennitala _____

Nafn og kennitala _____

Nafn og kennitala _____

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala _____

Nafn og kennitala _____

Útfillist af starfsmanni Íslandsbanka:

- | | | | |
|--|---|---|---|
| <input type="checkbox"/> Athugasemd í Ísland | <input type="checkbox"/> Upplýsingar um nafn/kt./heimilisfang | <input type="checkbox"/> Undirskrift viðskiptavinar | <input type="checkbox"/> Undirskrift starfsmanns |
| <input type="checkbox"/> Skilríki framkvæmdastjóra | <input type="checkbox"/> Skilríki stjórnarmanna | <input type="checkbox"/> Undirskrift votta | <input type="checkbox"/> Upplýsingar um stjórnir félaga |
| <input type="checkbox"/> Upplýsingar um reikning | <input type="checkbox"/> Upplýsingar um yfirdráttarheimild | <input type="checkbox"/> Skilríki prókúrhafa | <input type="checkbox"/> Samþykkt yfirdráttarheimildar úr fundargerð eða afrit af útfylltu eyðublaðinu „Yfirlýsing vegna lántöku“ |
| Starfsmaður (stimpill eða prentstafir) | | | |